

Greinargerð Kelduskóla 2015



love earth

Umhverfisnefndin

Í hverjum árgangi eru tilnefndir 2 nemendur í umhverfisnefnd. Auk þess eru í nefndinni 2 stjórnendur, húsvörður og a.m.k. fimm starfsmenn (kennarar/starfsfólk). Á skólaárinu 2014-2015 voru alls 41 nemandi í umhverfisnefndinni ásamt starfsfólki. Úr þessum hópi var valinn fimm manna stýrihópur sem hittist á milli funda stóru nefndarinnar. Í þeim stýrihópi eru tveir til þrjár starfsmenn frá hvorri starfsstöð. Umhverfisnefndin hittist a.m.k. þrisvar á vetri en stýrihópurinn fundar þess á milli. Boðað er til fundar með boðskorti á skólatíma. Fundað er með nemendum úr umhverfisnefnd og farið yfir markmið tímabilsins og nemendum er gert kleift að útskýra þau fyrir samnemendum sínum. Umhverfisnefndin hefur m.a. komið að skipulagningu umhverfisdaga, þemadaga og ekki síst að því að viðhalda grænfráanaverkefnunum í sínum hópum ásamt því að taka þátt í kynningum, . . (Sjá fundargerð í viðhengi)

Mat á stöðu umhverfismála

Staða umhverfismála var metin á þann hátt að stýrihópur fór yfir gátlistann vorið 2015 og hann fylltur út af fulltrúum stýrihópsins (Sjá fylgigögn).

Á þessu skólaári hefur enn frekar verið hugað að aðgerðum til sparnaðar. Það er lögð áhersla á að nýta pappír enn betur með því til dæmis að ljósrita báðum megin og að nýta báðar hliðar þegar prentuð eru út gögn rafrænt. Til að sporna við pappírnotkun fara öll skilaboð til starfsfólks rafrænt og fólk beðið að huga að umhverfinu áður en það prentar út gögn. Einnig fara nú öll skilaboð til foreldra í gegnum Mentor en það sparar mikinn pappír. Enn frekar var hugað að því að bæta flokkunarkerfið og nú eru ílát fyrir plast aðgengilegri á kaffistofu starfsfólks. Einnig eru sérstök ílát fyrir plast í skólastofum hjá nemendum í 1.-7. bekk. Nemendur í unglingsdeild matast á sal skólans því eru engin ílát fyrir lífrænan úrgang eða plast í þeirra stofum.

Í apríl og maí er umgengnisátak (Vík) í stofum og á göngum skólans með það markmið að bæta umgengni.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Markmiðin eru unnin af stýrihóp út frá vinnu í umhverfisnefndinni og umhverfisgátlistanum.

Hér að neðan koma dæmi um markmið sem voru sett 2012-2014 og einnig dæmi um ný markmið sem við höfum sett okkur fyrir 2015-2017. . Markmiðin voru unnin í umhverfisnefndinni og eru þetta hugmyndir nemendanna.

2012-2014

- Að þekkja friðuð svæði á skólalóð
- Að ákveða útikennsluverkefni í hverjum árgangi
- Að huga að fuglum í nánasta umhverfi
- Að flokka málma...niðursuðudósir, sprittkertaform og etv. fl.
- Að hlúa að trjámum, blómum og gróðri á skólalóð.

Eðlilega erum við enn að vinna í eldri markmiðum og er misjafnt hvernig það gengur. Við þurfum alltaf að vera á vaktinni og minna á markmiðin okkar. Það gekk hvað best að skipuleggja og ákveða útikennsluverkefni í hverjum árgangi.

2015-2017

- Að virkja umhverfisvitund starfsfólks betur
- Að nýta betur hluti til endurvinnslu s.s mjólkurfurnur undir bakstur
- Að auka vitund nemenda um nýtingu matvæla

Þetta eru dæmi um ný markmið sem við ætlum okkur að vinna með. Markmiðin frá síðasta tímabili eru einnig í fullu gildi ennþá.

Umhverfisstefna Kelduskóla

Kelduskóli er Grænfánaskóli eða Skóli á grænni grein. Grænfáninn er viðurkenning fyrir þá skóla sem standa sig vel í umhverfismálum og hafa skýra umhverfisstefnu.

Í skólanum er unnið að því að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfinu og skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsmanna til umhverfismála.

Skóli sem flagnar Grænfánanum þarf að hafa góða umhverfisfræðslu. Hann þarf að setja sér skýr markmið sem þarf að uppfylla.

Við skólann er starfandi umhverfisnefnd þar sem fulltrúar nemenda, foreldra, kennara og annars starfsfólks eru þátttakendur. Stýrihópur úr nefndinni skipuleggur og stýrir þeim verkefnum sem sett eru fyrir hvert skólaár.

Markmið með umhverfisfræðslu eru:

- að auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna með fræðslu og verkefnum innan kennslustofu og utan skólans, t.d. með útikennslu
- að hvetja nemendur til sparnaðar og endurnýtingar eftir því sem kostur er
- að vekja athygli og áhuga nemenda á umhverfinu og náttúrunni
- að hvetja nemendur til að vernda náttúruna
- að nemendur kynni foreldrum og nær samfélagi hvað gera þurfi í umhverfismálum

Meðal fastra verkefna í skólanum eru:

- að flokka pappír og lífrænan úrgang
- að jarðgera lífrænan úrgang
- að setja niður grænmeti á vorin og taka það upp á haustin
- að búa til kerti fyrir jólin
- að útikennsla sé hluti af því námi sem fram fer
- að vinna verkefni í samstarfi við Leikskólann Bakka

Eftirlit og endurmat

Gátlistinn er skoðaður reglulega, starfsfólk er minnt reglulega á markmiðin á húsfundum og í tölvupósti. Nemendur úr umhverfisnefnd eru virkjaðir sem umhverfisverðir til góðra verka. Þeir taka að sér það hlutverk að fylgjast með í sínum heimastofum og svæðum ásamt starfsfólki skólans. Kennarar hafa hist á fundum til að skipuleggja verkefni sem varða umhverfismál.

Hér má sjá dæmi frá þeirri vinnu úr öllum árgöngum:

Á umhverfisdögum hvers árs höfum við lagt mikla áherslu á að hver árgangur vinni ákveðin verkefni með kennaranum sínum. Ýmist hafa verið unnin verkefni í hverjum hópi eða þvert á árganga.

1.-3. bekkur: Í 1.-3. bekk hefur verið unnið með endurnýtingu, nýtni og sparnað á mat og umbúðum.

4.-5. bekkur: Í 4.-5. bekk hefur mikið verið unnið með umhverfisvernd í tengslum við hringrásarpema. Einnig var heimaverkefni sem fólgið var í því að vigta matarafganga yfir eina helgi og unnið var úr þeim upplýsingum í skólanum. Í byrjun skólaársins fóru nemendur í 5. bekk í skólagarðanna ásamt nemendum í unglingadeild.

6.-7. bekkur Nemendur í 6. bekk útbjuggu lukkudýr jarðarinnar og unnu verkefni í tengslum við flokkun og orkusparnað. Einnig tóku nemendur í 7. bekk sig til og hreinsuðu rusl af skólalóðinni. Sumir fóru í ratleik. Í unglingadeild hefur farið fram markviss kennsla og fræðsla um umhverfismál. Sjálfbærni hefur verið tekin fyrir í öllum greinum og einnig hefur mikið verið unnið með nýtni og þá einkum í tengslum við matarsóun. Nemendur í unglínadeild komu af stað átaki gegn matarsóun og vigtuðu þeir afganga úr skólamötuneytinu í ákveðin tíma. Bæði án vitneskju nemenda um það að þetta átak væri í gangi og svo eftir að það var tilkynnt. Hópavinna fór fram í unglingadeildinni þar sem unnið var með orðið sóun, í kjölfarið voru unnin slagorð gegn sóun og græn ráð nemenda voru hengd upp á vegg víða um skólann. Þessi þemavinna átti sér einnig stað á yngra- og miðstigi. Í öllum árgöngum fór því fram vinna sem miðaðist við að efla umhverfisvitund- tekið var á matarsóun, endurvinnslu, ferðamáta, ofneyslu, orkusparnaði og umbúðanotkun svo nokkur dæmi séu tekin.

Helstu verkefni og áherslur fyrir skólaárið 2015-2017- nokkur dæmi.

- *Bæta okkur enn frekar í endurnýtingu og sparnaði á auðlindum jarðarinnar með því að:*
- *endurnýta garn og efnisafganga úr list- og verkgreinum*
- *mjólkurfernur eru endurnýttar sem kökuform til að baka í heimilisfræði*
- *einnota umbúðir sem falla til á heimilum starfsfólks er nýttur undir bakstur sem nemendur taka með sér heim*
- *nýta betur pappírinn okkar t.d. nota báðar hliðar á blöðum, prenta einungis það sem er nauðsynlegt og stilla ljósritun í hóf*
- *útikennsla sé hluti af því námi sem fer fram*
- *stuðla að virðingu fyrir öðrum lífverum með virkri þátttöku í dýravernd og meðferð dýra t.d. með því að gefa fuglunum á veturna og byggja fuglahús til*

að setja í trén.

- *huga betur að nýtingar matar og forðast matarsóun.*

Í öllu starfi innan skólans gildi flokkun úrgangs s.s. á árshátíð, öskudag, skólahátíðum og tómstundastarfi ÍTR.

Kynning á stefnunni og tenging við aðalnámskrá

Kelduskóli hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2006. Vorið 2006 fékk Vík úthlutað flagginu í fyrsta skipti. Kelduskóli – Korpa flaggaði grænfánanum í fyrsta sinn 2010. Í Kelduskóla er ávallt lögð rík áhersla á umhverfismál og hefur starfsfólk skólans unnið markvisst að því að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfinu og skapa jákvætt viðhorf til umhverfismála.

Við sameiningu skólanna fékk Kelduskóli grænfánann í 5. skipti vorið 2013. Var þá notað tækifærið og kynntum við fyrir hvert öðru hvað hefur verið gert í hvoru húsi fyrir sig. Síðan var unnið að því að samræma markmið og aðgerðir. Útbúin var umhverfisstefna sem náði yfir bæði húsin og var hún sett á heimasíðu skólans þar sem hún er öllum aðgengileg. Einnig er umhverfisstefnan kynnt með markvissum hætti við skólasetningar að hausti og jafnframt vísar starfsfólk í umhverfisstefnuna þegar við tökum á þáttum sem varðar umhverfismennt. Í kennsluáætlunum og skólanámskránni er einnig vísað til umhverfisstefnunnar. Þá er að finna í skólareglum tilvísun í umhverfisstefnuna.

Umhverfissáttmálinn

Eftir sameiningu skólanna vann valinn hópur starfsmanna að því að samræma stefnu skólans í umhverfismálum. Umhverfisstefnan var síðan lögð fyrir skólaráð og samþykkt þar. (sjá Umhverfisstefnu Kelduskóla).

Kelduskóli hefur gert sér **Umhverfissáttmála** í formi lagatexta sem var unnin af nemendum 4.-5. bekkjar ásamt tónmenntakennara.

Sáttmálinn er eftirfarandi:

*Náttúran, loftið og vatnið mitt,
umhverfið allt er líka þitt.
Að bæta og varðveita allt ég hef
við tökum í því sjálfstæð skref.*

(Viðlag)
*Þetta er sáttmálinn minn og þinn
því hjálpina þarf heimurinn
Vinum saman öll sem eitt.
Ekki gera ekki neitt!*

*Eitt skref í einu er það sem þarf.
Að verja og bæta er okkar starf.
Við tökum svo skrefin í rétta átt.
Um ábyrgð þarf að ríkja sátt*

(Viðlag)

Grænfáninn okkar í loftið fer

Markmið okkar í Kelduskóla er að gera ávallt betur í dag en í gær og stefnum við að því að fá grænfánann haustið 2015.